



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA  
Suðurnes Science and Learning Center

# STARFSGREINAKYNNINGAR

Handbók um framkvæmd

Unnið af Hönnu Maríu Kristjánsdóttur,  
Þekkingarsetri Suðurnesja

---

*Aðlagð grunn- og framhaldsskólum -  
Arnar Þorsteinsson, IÐUNNI fræðslusetri 2020*

---

## Inngangur

Þessi handbók byggir á efni sem upphaflega var sett saman eftir starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum 2012. Handbókin var endurskoðuð í janúar 2020 af Hönnu Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanni Þekkingarseturs Suðurnesja, sem einnig veitti leyfi til að setja saman útgáfu sem nýst gæti við skipulagningu slíkra kynninga í grunn- og framhaldsskólum.

Starfsgreinakynningin 2012, sem var að öllum líkindum sú fyrsta af þessari stærðargráðu hér á landi, hefur orðið stærrri og veglegri með hverju árinu og fleiri fylgt í kjölfarið; bæði bæjarfélög og einstaka skólar. Er handbókin nú gerð skólafólki aðgengileg í þeim tilgangi að auðvelda skipulagningu og framkvæmd slíkra kynninga.

Fyrst er fjallað um kynninguna 2012; undirbúning, framkvæmd og eftirfylgd. Þá er stuttur kafli um þær kynningar á Reykjanesi sem fylgt hafa í kjölfarið og að síðustu gátlistar og ítarefni sem vonandi sparar öðrum skipuleggjendum tíma og fyrirhöfn. Einnig er að finna lista yfir nokkrar starfakynningar sem haldnar hafa verið á undanförunum árum og tenglar á umfjöllun um þær.

## Suðurnes 2012 - undirbúningur

Starfsgreinakynningin var upphaflega hluti stærra átaksverkefnis þar sem fyrir var stýri- og verkefnahópur. Í ljósi upplýsinga um fjöldatölur í grunnskólum á svæðinu var ákveðið að bjóða nemendum í 9. og 10. bekk á fyrstu kynningu með þessu sniði, alls um 700 nemendum. Ákveðið var að kynningin stæði í þrjár klukkustundir, frá kl. 9:00-12:00, þannig að þrír skólar yrðu samtímis á staðnum, rúmlega 200 nemendur í senn.

Tölvupóstur var sendur á skólastjóra allra grunnskóla á svæðinu þar sem verkefnið var kynnt og tilkynntu allir skólarnir níu strax þátttöku. Í framhaldi var skeyti sent öllum náms- og starfsráðgjöfum á Suðurnesjum og boðað til fundar til að kynna verkefnið og ræða möguleika á verkefnavinnu nemenda bæði í aðdraganda kynningarinnar og að henni lokinni. Verkefni tengd starfsvali voru send verkefnisstjóra sem áframsendi á allan hópinn. Þá voru námsráðgjafar frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Keili og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fengnir til að vera á kynningunni ef nemendur hefðu almennar spurningar um nám eða störf. Að lokum var ákveðið að hafa fund eftir kynninguna til að ræða framkvæmdina, viðhorf og upplifun nemenda og hvað betur hefði mátt fara.

Þá var hafist handa við safna starfsgreinum á kynninguna. Búinn var til listi yfir 100 starfsgreinar sem unnið var út frá. Listinn breyttist í ferlinu, starfsgreinar duttu út og aðrar komu inn. Vel gekk að fá fólk til að taka þátt og að endingu höfðu um 80 manns samþykkt að kynna sín störf. Upplýsingaplaköt fyrir hvert starf voru búin til og gerð sýnileg á kynningunni. Markmið þeirra var að sýna nemendum myndrænt leiðina sem liggur frá námi yfir í tiltekið starf. Náms- og starfsráðgjafar lýstu yfir áhuga að fá að nota þau í sínu starfi.

## Framkvæmdin 2012

Degi fyrir kynningu stilltu verkefnisstjórar upp í salnum (Stapanum) og hengdu upp plaköt og merkingar. Nokkur þeirra sem ætluðu að kynna komu líka með eitthvað í tengslum við þeirra fag en engar slíkar kröfur eða hömlur voru settar þátttakendum. Í einhverjum tilfellum voru í boði bæklingar frá skólum eða fagfélögum, nokkrir buðu upp á sælgæti, sumir voru með tæki og tól til sýnis, einhverjir unnu á staðnum og enn aðrir komu ekki með neitt. Starfsgreinum var ekki raðað í sérstaka röð heldur frekar reynt að hafa allt í bland, til dæmis með tilliti til menntunar og eðli starfa. Náms- og starfsráðgjafar voru staðsettir nálægt anddyri svo nemendur gætu stoppað hjá þeim á leiðinni út.

Mjög vel gekk að koma öllum fyrir og engin vandamál komu upp. Fyrsti nemendahópurinn mætti á slaginu níu og var fyrirkomulagið með þeim hætti að þrjú grunnskólar komu saman, klukkustund í senn, 200 – 230 nemendur hverju sinni. Flæði um salinn var gott, skólarnir mættu allir á réttum tíma og vel gekk að koma nemendum inn og út.

Upplýsingar um forföll tveggja sem ætluðu sér að kynna bárust ekki fyrr en að kynningu lokinni sem var miður enda áhugi á öðru faginu mikill og upplýsingaspjöld héngu uppi. Því er mikilvægt að biðja þátttakendur sérstaklega um að tilkynna forföll símléiðis eins fljótt og hægt er svo hægt sé að taka niður kynningarefni.

Þó nokkur fjölmiðlaumfjöllun var um kynninguna, allt vel unnar og jákvæðar fréttir.

## Viðhorf 2012

Viðbrögð voru afar jákvæð, hvort heldur frá þeim sem voru að kynna störf sín, nemendum, kennurum eða náms- og starfsráðgjöfum. Verkefnisstjórar sendu þakkarbréf í tölvupósti til allra þeirra sem kynntu sín störf. Fjöldi fólks svaraði og lýsti ánægju með þátttökuna, voru sammála um að þetta væri frábært framtak sem vonandi yrði endurtekið. Þá bárust líka ábendingar á borð við að slíkar kynningar gætu átt erindi til fleiri hópa, til dæmis framhaldsskólanemenda eða atvinnuleitenda. Fólki þótti gaman að upplifa hversu áhugasamir og vel undirbúnir margir nemendur voru þó öngþveiti hafi skapast hjá ákveðnum starfsgreinum. Því væri gott að hafa sérstaklega vinsæl störf á fleiri en einum stað.

Á fundi með náms- og starfsráðgjöfum var samdóma álit að kynningin hefði verið mjög vel heppnuð og skemmtileg og upplifun nemenda góð. Í einum skóla höfðu nokkrir foreldrar haft samband og spurt hvort þeir mættu fara með og lýstu yfir ánægju sinni að kynningu lokinni.

Talið var að klukkustund fyrir hvern nemendahóp væri nægur tími en einnig að slík kynning mætti standa lengur þannig að fleiri geti nýtt sér hana. Tímasetning í lok janúar eða byrjun febrúar þótti mjög góð því þá geta náms- og starfsráðgjafar byrjað á einstaklingsviðtölum við 10. bekkinga fljótlega að henni lokinni.

Flestir skólanna höfðu á einhvern hátt undirbúið sína nemendur fyrir starfsgreinakynninguna. Sumir námsráðgjafanna töluðu um að næst myndu þeir haga undirbúningi öðruvísi og leggja

meiri áherslu á að setja nemendum eitthvað fyrir á kynningunni og að láta þá vinna verkefni að kynningunni lokinni.

Fólki fannst líklegt að annað húsnæði væri ákjósanlegra fyrir kynninguna næst, til dæmis Reykjaneshöllin eða annað íþróttahús á svæðinu. Þá kom fram að gott væri að útbúa kort af svæðinu þar sem störfín væru númeruð og staðsett svo nemendur gætu auðveldlega fundið það sem þeir vildu kynna sér sérstaklega. Fólki fannst þó bæði kostir og gallar við að auglýsa staðsetninguna með þessum hætti því það gæti mögulega komið í veg fyrir að nemendur skoðuðu allt og myndu þar af leiðandi ekki kynna starfsgreinum sem þeir þekktu ekki. Einn ráðgjafi tók sérstaklega fram að gott hefði verið hversu lítið var af sætum í salnum, nemendur höfðu þá síður tækifæri til að taka ekki þátt í kynningunni.

Námsráðgjafar voru sammála um að þeirra staðsetning á kynningunni, nálægt anddyrinu, hafi verið slæm. Mun betra hefði verið að dreifa námsráðgjöfum við standborð um aðalsalinn þar sem þeir væru sérstaklega merktir á áberandi átt og þannig tryggt gott aðgengi að þeim.

Í stað prentaðs kynningarefnis kom fram sú hugmynd að setja upp heimasíðu þar sem hægt væri að safna saman ýmsum upplýsingum og tenglum við verkefnið. Allir voru sammála um að slík síða gæti orðið mjög gagnleg til framtíðar. Mætti kanna samstarf við <https://namogstorf.is/> í þeim efnum.

## **Skipulag síðustu kynninga**

Síðari kynningar á Reykjanesi hafa verið haldnar í Íþróttahúsinu í Keflavík sem býður upp á mun stærri sal og hentugri aðstöðu. Leigja hefur þurft borð og dúka. Standborð og stólar hafa fengist að láni frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Fljótlega var tekin ákvörðun um að hafa kynningarnar fyrir nemendur í 8. og 10. bekk í stað 9. og 10. Hugmyndin með því var sú að kynningin yrði á hverju ári, nemendur færu fyrst á hana í 8. bekk um það leyti sem þeir væru mögulega að byrja að velta náms- og starfsvali fyrir sér. Þeir fengu svo 9. bekkinn til að melta þetta áður en þeir færu aftur á kynninguna í 10. bekk. Kynningin hefur auk þess alltaf verið haldin um miðjan október, fyrir utan fyrsta skiptið, og hefur sú tímasetning gefist mjög vel. Fjöldi starfsgreina hefur verið um 100 síðustu ár, með um 70 kynningarstöðvum (borðum) og ber salurinn sem hefur verið notaður ekki meiri fjölda. Það verða alltaf einhverjar breytingar á starfsgreinum á milli kynninga sem er mjög gott. Í nokkur skipti hefur verið leitað til nemenda eftir hugmyndum að starfsgreinum sem þeir myndu vilja sjá á kynningunni, og reynt að verða við þeim. Á síðustu kynningum hefur mikið verið lagt upp úr því að nemendur séu vel undirbúnir fyrir kynningarnar, það er að þeir hafi fengið upplýsingar um þær starfsgreinar sem verða á kynningunni og að mynd af uppröðun í salnum sé aðgengileg á staðnum ásamt lista yfir starfsgreinarnar svo nemendur eigi auðvelt með að finna það sem þeir vilja alls ekki missa af.

Með árunum hefur metnaður þeirra sem kynna sína starfsgrein og fyrirtæki farið vaxandi og mjög mikil vinna er lögð í margar uppstillingarnar, fólk mætir til dæmis með alls konar tæki og

tól sem nemendur geta prófað. Þar sem að ekki er greitt fyrir þátttökuna hefur verið lögð áhersla á það við þátttakendur að þeim sé frjálst að kynna fyrirtækin sem þeir starfa hjá samhliða starfsgrein viðkomandi. Kvartanir hafa borist frá grunnskólunum vegna þess að nammi hefur verið í boði og fyrir síðustu kynningu var fyrirtækjum bent á að kannski mætti huga að hollari valkostum. Sú leið hefur þó aldrei verið farin að banna neitt og málið útskýrt þannig fyrir grunnskólunum að fyrirtækjunum sé frjálst að kynna sig að vild í skiptum fyrir þátttöku í kynningunni.

## Fréttatilkynning - drög

*Starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur X hefur verið haldin reglulega frá árinu Y og orðið stærri og glæsilegri með hverju árinu. Síðustu ár hefur kynningin verið hluti af Z. Markmið starfsgreinakynningarinnar er að efla starfsfræðslu grunnskólanemenda í 8. - 10. bekk og stuðla að sambærilegri fræðslu fyrir alla á svæðinu. Kynningin er einnig mikilvægur þáttur í því að auka starfsvitund og skerpa á framtíðarsýn ungs fólks.*

*Vel hefur tekist að skipuleggja og halda kynningarnar, ekki síst vegna mikillar velvildar fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Sömu aðilar hafa tekið þátt ár eftir ár og gefið tíma sinn. Án þessa mikla stuðnings atvinnulífsins væri ómögulegt að halda kynningu sem þessa, sem er þýðingarmikil fyrir alla sem að henni koma – nemendur, skóla og fyrirtæki. Öflug náms- og starfsfræðsla er sérstaklega mikilvæg til að auka líkur á því að nemendur velji það framhaldsnám sem þeir hafa mestan áhuga á og hentar þeim best. Rétt val dregur úr líkum á brotthvarfi úr námi sem hefur verið of mikið hér á landi síðustu ár. Þá styrkir kynning sem þessi tengsl atvinnulífs og skóla sem skipta miklu máli, sérstaklega þegar kemur að iðn- og starfsnámi sem og námi í tæknigreinum.*

## Gátlisti vegna starfsgreinakynningar

### Sex mánuðum fyrir kynningu

- Ákveða dagsetningu og tímasetningu í samráði við stjórnendur
- Festa húsnæði fyrir kynninguna
- Senda póst á þátttakendur síðustu kynningar ef við á, og kynna daginn

### Tveimur til þremur mánuðum fyrir kynningu

- Taka saman tölur yfir fjölda þeirra árganga sem á að bjóða á kynninguna
- Taka saman tölur yfir aðra hópa sem mögulega yrði boðið

- Hafa samband við skólana og óska eftir tengiliðum
- Setja saman lista yfir mögulegar starfsgreinar
- Finna einstaklinga og fyrirtæki til að taka þátt í kynningunni
- Búa til netfangalista og símaskrá yfir alla þátttakendur
- Hafa samband við náms- og starfsráðgjafa ef óska á eftir þeirra aðstoð/viðveru
- Fá tilboð í rútuakstur ef þarf og ganga frá bókun

### **Mánuði fyrir kynningu**

- Ganga frá endanlegum lista yfir þær starfsgreinar sem taka þátt
- Teikna upp salinn og ákveða staðsetningu allra
- Senda endanlegan lista yfir starfsgreinar á tengiliði grunnskólanna og hvetja þá til að undirbúa nemendur fyrir kynninguna.
- Búa til upplýsingaplakat fyrir hverja starfsgrein, (d. Mind Manager)
- Setja plaköt og starfsgreinamerkingar í prentun
- Skipuleggja rútuakstur nemenda á kynninguna ef þarf
- Setja upp tímaskipulag og senda á skólana sem taka þátt
- Senda ítarlegar upplýsingar til þátttakenda um fyrirkomulag starfsgreinakynningarinnar, hvert hlutverk þeirra er og hvaða gögn óskað er eftir að þeir taki með sér, ef einhver. Fá að vita hverjir þurfi aðgang að rafmagni á starfsgreinakynningunni.

### **Tveimur vikum fyrir kynninguna**

- Senda áminningarpóst til þátttakenda
- Kanna áhuga fjölmiðla

### **Daginn fyrir kynninguna**

- Senda áminningarpóst til þátttakenda með nákvæmum upplýsingum um mætingartíma og staðsetningu. Gefa upp símanúmer til að hringja í ef einhver forfallast.
- Útvega fartölvur og hafa til taks fyrir námsráðgjafa ef þeir verða til aðstoðar

- Kaupa kaffi og veitingar til að hafa fyrir þátttakendur á meðan kynningunni stendur
- Hafa samband við fjölmiðla og óska eftir umfjöllun um starfsgreinakynninguna
- Fá lykla að húsnæðinu ef við á
- Stilla upp salnum, raða borðum og dúka og hengja upp nauðsynlegar upplýsingar, til dæmis lista yfir starfsgreinar og kort af uppstillingunni í salnum.
- Gæta þess að vera með nóg af framlengingarsnúrum og setja þær á viðeigandi staði. Mikilvægt að prófa alla rafmagnstengla sem á að nota daginn fyrir kynningu.

### Á kynningardaginn

- Lágmark tveir til taks við að taka á móti þátttakendum og vísa á rétta staði
- Ganga á milli eftir að kynning hefst, athuga hvort eitthvað vantar og minna á veitingar
- Fylgjast með að nóg sé af veitingum
- Muna að taka myndir
- Taka á móti fjölmiðlum

### Daginn eftir kynninguna

- Senda þakkarpóst til allra þeirra sem tóku þátt og óska eftir gagnlegum ábendingum
- Funda með náms- og starfsráðgjöfum þátttökuskóla og óska eftir gagnlegum ábendingum
- Taka saman skýrslu um framkvæmdina, hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara

### Nokkrar kynningar


Lista yfir störf og starfsheiti má finna á vefsíðum á borð við <https://naestaskref.is/>, <https://namogstorf.is/> og <https://attavitinn.is/>

Reykjanes 2012: [Morgunblaðið](#) - [Stöð 2](#) - [Suðurnes 2017](#) - [Suðurnes 2019](#)

[Garðaskóli 2015](#) - [Hólabrekkuskóli 2019](#)

[Akureyri 2019](#)

# Dæmi um upplýsingaplakat





## Dæmi um tölvupósta

**Til skólastjóra grunnskólanna þar sem óskað er eftir staðfestingu á þátttöku:** ... Stefnt er að því að halda náms- og starfsgreinakynningu á fyrri hluta næsta árs og vonumst við til þess að sem flestir skólanna sjái sér fært að taka þátt í henni með okkur.

Starfsgreinakynningin er hugsuð fyrir nemendur í 9. og 10. bekk allra grunnskóla á svæðinu og skipulögð í samstarfi við skólastjórnendur, náms- og starfsráðgjafa, kennara og foreldrafélög. Hugmyndin er að á kynningunni komi saman fólk af svæðinu, úr hinum ýmsu starfsgreinum. Lögð verður áhersla á að kynna fyrir nemendum hvað felst í viðkomandi störfum, hvaða menntunar þarf að afla sér til að geta sinnt þeim og hjá hvers konar fyrirtækjum er hægt að vinna í viðkomandi starfi. Gaman væri ef til dæmis lífsleiknikennarar gætu nýtt sér þetta og látið nemendur vinna verkefni í tengslum við starfsval bæði fyrir og eftir kynninguna. Þá væri upplagt að hvetja foreldra til að mæta með börnum sínum.

Lagt er til að starfsgreinakynningin verði DAGS, STAÐ- OG TÍMASETNING. Reiknað er með að nemendur hvers skóla verði í eina klukkustund á kynningunni. Allt er þetta með fyrirvara um að nægilega margir fáist til að kynna störf sín.

Mig langar að biðja ykkur um að STAÐFESTA ÞÁTTTÖKU ykkar skóla í starfsgreinakynningunni DAGSETNING. Hafið endilega samband ef þið hafið athugasemdir eða spurningar. ...

**Til mögulegra þátttakenda:** ... Ég er að skipuleggja starfsgreinakynningu fyrir nemendur 9. og 10. bekkja og var að velta því fyrir mér hvort þú hefðir möguleika á að taka þátt og kynna STARF X. Kynningin er liður í að efla fræðslu um tengsl náms og starfa í grunnskólum hverfisins. Starfsgreinakynningin verður haldin DAGS-, STAÐ- OG TÍMASETNING. Settir verða upp kynningarbásar þar sem fólk úr hinum ýmsu starfsstéttum mun sitja fyrir svörum auk þess sem búin verða til upplýsingaplaköt þar sem nemendur geta séð leiðina í gegnum nám í tiltekið starf. Við gerum ráð fyrir því að um 200 nemendur fari þarna í gegn á hverjum klukkutíma. Hvernig hljómar þetta, heldurðu að þú hafir tæk á að vera með? ...

**Til þátttakenda – í framhaldi símtals:** ... Ég ræddi við þig í gær varðandi starfsgreinakynningu sem haldin verður DAGS-, STAÐ- OG TÍMASETNING fyrir nemendur 9. og 10. bekkja í hverfinu. Fólk úr hinum ýmsu starfsgreinum mun sitja fyrir svörum en krakkarnir munu geta gengið á milli bása og

kynnt sér þau störf sem þeir hafa helst áhuga á. Búin verða til upplýsingaplaköt um hverja starfsgrein þannig að nemendur sjái leiðina sem liggur í gegnum nám að viðkomandi starfi.

Mig langar endilega að starf Y verði þarna á meðal, gætirðu hugsað þér að taka það verkefni að þér? ☺ Ef þið eruð fleiri sem viljið koma frá fyrirtækinu er það bara frábært. Við vonumst til að geta gert kynninguna lifandi og skemmtilega svo þeir sem hafa tök á að vinna eitthvað á staðnum, eða vera með græjur til sýnis, mega gjarnan gera það. Ég sendi aftur póst þegar nær dregur með frekari upplýsingum en þú mátt endilega láta mig vita sem fyrst ef þið hafið ekki tök á að vera með. ...

#### **Til skólastjórnenda og náms- og starfsráðgjafa með upplýsingum um staðfestar starfsgreinar:**

... Í viðhengi er listi yfir þær starfsgreinar sem eru staðfestar á starfsgreinakynninguna DAGSETNING. Þær eru orðnar 60 talsins og við eigum enn eftir að fá svör frá nokkrum. Við erum mjög sátt við þennan árangur og nú er bara að vona að forföll verði ekki mikil.

Hafið endilega samband við okkur ef þið hafið einhverjar spurningar. Ég sendi ykkur svo uppfærðan lista og frekari upplýsingar þegar nær dregur. ...

#### **Til þátttakenda með almennum upplýsingum um fyrirkomulag starfsgreinakynningarinnar:**

... Nú styttist í starfsgreinakynninguna og viljum við byrja á að þakka ykkur kærlega fyrir að taka þátt í þessu með okkur ☺ Kynningin verður DAGS-, STAÐ- OG TÍMASETNING. Við verðum mætt í salinn kl. 8:00 og gott væri ef þið gætuð mætt ekki seinna en 8:30 svo allt verði tilbúið þegar fyrsti nemendahópurinn kemur. Það verður líka hægt að stilla upp daginn áður og gott að þeir sem koma með mikið með sér nýti sér það.

Allir grunnskólarnir í hverfinu taka þátt í kynningunni, sem er hugsuð fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Skólunum var skipt niður og má gera ráð fyrir að um 200 nemendur fari í gegn á hverjum klukkutíma. Náms- og starfsráðgjafar verða á staðnum til að aðstoða og svara spurningum nemenda en að öðru leyti verður áherslan á að kynna ólík störf með spjalli við nemendur.

Markmiðið er að kynningin verði lifandi og skemmtileg. Nemendur geta gengið á milli borða og skoðað það sem vekur áhuga þeirra. Ef þið hafið tök á að taka gögn eða græjur með ykkur sem tengjast starfi ykkar þá væri það mjög vel þegið. Eins er hægt að nálgast kynningarefni hjá fagfélögum þar sem það á við, en það er alls ekki nauðsynlegt.

Þið megið endilega láta okkur vita sem fyrst hvort þið verðið með tölvu á kynningunni svo við getum gert ráð fyrir því við skipulagningu á salnum.

Ef þið hafið einhverjar spurningar eða ábendingar hafið þá endilega samband ☺ ...

**Tölvupóstur til fréttamiðils hverfisins:** ... Næsta miðvikudag, DAGS-, STAÐ- OG TÍMASETNING verður starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur í hverfinu. Yfir 80 einstaklingar úr hinum ýmsu starfsstéttum munu þar kynna sín störf. Starfsgreinakynningin verður með því sniði að nemendur geta gengið á milli borða og skoðað það sem vekur áhuga þeirra. Allir grunnskólarnir taka þátt í þessu en kynningin er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Við vonumst að sjálfsgöðu til þess að þið getið verið á svæðinu og fjallað svo ítarlega um kynninguna í ... ☺ ...

**Áminningarpóstur til þátttakenda:** ... Þá eru bara tveir dagar í starfsgreinakynninguna! Fyrir þá sem eru að fá póst varðandi hana í fyrsta skipti þá verður hún í STAÐSETNING næsta ...dag, DAGSETNING, frá kl. x:00-y:00. **Nauðsynlegt er að mæta ekki seinna en kl. z:30 svo allt verði tilbúið þegar fyrsti nemendahópurinn kemur.** Við verðum búin að raða fólki niður í salnum og hengja upp starfsheitin. Í boði verða dúkuð borð sem eru 1.80 m á lengd og gerum við ráð fyrir 1-2 á hverja starfsgrein. Látið okkur endilega vita sem fyrst ef þið hafið einhverjar sérstakar óskir varðandi staðsetningu eða pláss. Við verðum á staðnum frá kl. 13:00-16:00 á morgun, ef þið viljið stilla upp þá. Ef þið eruð með mikið af dóti með ykkur þá borgar það sig. Við fengum ábendingu um að nemendur yrðu líklega forvitnir um laun, bara svo slíkar spurningar komi ykkur ekki á óvart ☺  
Hafið endilega samband við okkur ef þið hafið einhverjar spurningar.  
Hlökkum annars til að hitta ykkur öll á miðvikudaginn ...

**Þakkarpóstur til þátttakenda:** ... Við viljum þakka ykkur innilega fyrir þátttökuna í starfsgreinakynningunni í gær. Kynningin tókst að okkar mati frábærlega og það var mjög gaman að sjá hvað þið lögðuð mikla vinnu í þetta með okkur. Án ykkar hefði kynningin aldrei orðið að veruleika!  
Ef þið hafið einhverjar ábendingar varðandi framkvæmdina eða góðar hugmyndir fyrir næstu kynningu megið þið endilega senda okkur þær á tölvupósti. ...

**Tölvupóstur til náms- og starfsráðgjafa. Boðað til fundar:** ... Við viljum byrja á að þakka ykkur kærlega fyrir þátttökuna í starfsgreinakynningunni í gær, sem okkur fannst takast mjög vel. Eins og talað hafði verið um, er hér með boðað til fundar til að fara yfir kynninguna og upplifun nemenda af henni, það sem betur hefði mátt fara og góðar hugmyndir fyrir næsta ár. Vonandi komast sem flestir á þessum tíma. ...